

Ed.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Með lögum þessum er leitast við, að

- a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
- b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

Undanþegin lögum þessum eru:

- a) siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,
- b) loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar.
- c) algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

3. gr.

Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

Lög þessi ná einnig til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð, að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

II. KAFLI

Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja.

Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

4. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, í nánú samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

5. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna sbr. 1. mgr. 4. gr. og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandamál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

7. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

8. gr.

Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og þeir sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

9. gr.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljófast.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

10. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

III. KAFLI

Öryggisnefndir sérgreina.

11. gr.

Setja má á fót öryggisnefndir í sérgreinum, sem í sitja fulltrúar atvinnurekanda og starfsmanna, til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan hverrar sérgreinar.

Nefndir þessar skulu hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun slíkra nefnda, ef stjórn stofnunarinnar þykir ástæða til.

Öryggisnefndir sérgreina, sem viðurkenndar hafa verið, geta lagt fram tillögur og látið í ljós álit sitt um nýjar reglur og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveður að leggja fyrir þær.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal, áður en hún gefur álit sitt um reglugerðir, sem fjalla sérstaklega um ákveðnar atvinnugreinar, leita eftir áliti frá viðurkenndri öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar.

Öryggisnefndir sérgreina hafa það verkefni að gefa atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar um þær reglur og ákvæði, sem gilda fyrir viðkomandi sérgrein.

Öryggisnefndir sérgreina geta sent tillögur til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um breytingar á reglum, er fjalla um viðkomandi sérgrein.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur að öðru leyti reglur um skipulag, verkefni, starfsemi og fjármögnun öryggisnefnda sérgreina.

IV. KAFLI

ALMENNAR SKYLDUR

a. Skyldur atvinnurekenda.

12. gr.

Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, samanber 90. gr. laga þessara.

Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni og skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu hver það er.

13. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til

- a) V. kafla um framkvæmd vinnu,
- b) VI. kafla um vinnustaði,
- c) VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
- d) VIII. kafla um hættuleg efni og vörur.

14. gr.

Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hætta af.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

16. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafla þessara laga, geti orðið sem best og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

17. gr.

Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett nánari reglur um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skuli fyrir komið.

18. gr.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

19. gr.

Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafla og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinnslu úr þeim skýrslum, krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um

- a) fjölda starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
- b) vélar, vélahluta, geyma, ílát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,
- c) sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni,
- d) aðrar upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

b. Skyldur verkstjóra.

20. gr.

Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

21. gr.

Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefir umsjón með.

22. gr.

Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

23. gr.

Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

c. Skyldur starfsmanna.

24. gr.

Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu.

25. gr.

Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

26. gr.

Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

27. gr.

Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarendi vegna viðgerðar eða niðurstæðinga á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

28. gr.

Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan sins venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna.

d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

29. gr.

Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, ílát, katla, húsein- ingar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnu- rekstur, skal tryggja, að það sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- eða sjúkdómshættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mæl- ingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varð- andi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

30. gr.

Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varan- lega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar og þegar við á, hver sé innflytjandinn.

31. gr.

Sá, sem tekur að sér að setja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

Verði sá, sem setur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar, eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

32. gr.

Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., fram- leiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

Fylgja skal þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

33. gr.

Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

34. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um þau atriði, sem um er fjallað í 29.—33. gr.

Ákvæðin í 29.—33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir, sem víkja frá kröfunum í 29.—33. gr. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

e. Skyldur verktaka og fleiri.

36. gr.

Ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu.

Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaaðila sem atvinnurekenda samkvæmt lögum þessum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur um þessi atriði.

V. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

37. gr.

Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

38. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem

- a) um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluáðferðir, t. d. til þess að koma í veg fyrir hrún, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, óðauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,
- b) um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðum,
- c) um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,
- d) um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishjálma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislun, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalin. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfnast hans við vinnu sína.

39. gr.

Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluáðferðir.

Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

40. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um,

- a) að störf, sem í kann að vera falin veruleg hættu á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lokið hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldri,
- b) ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bæklun þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,
- c) takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,
- d) vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnenda þeirra véla og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hættu af, sbr. 58. gr. laga þessara,
- e) önnur hliðstæð tilvik ótalin.

VI. KAFLI

Vinnustaður.

41. gr.

Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

42. gr.

Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

43. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um fyrirkomulag fastra og bráða-birgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m. a. fjalla um

- a) húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, veggi, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,
- b) aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,
- c) neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,
- d) annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

44. gr.

Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur um, að áætlanir og hönnunargögn vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsetningu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði, skuli lagðar fyrir Vinnueftirlits ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetning er gerð.

VII. KAFLI

Vélar, tækjabúnaður og fleira.

45. gr.

Aflvél merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél.

Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

46. gr.

Vélar, vélahlutar, flát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður, skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

47. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um gerð og notkun véla, tækja og annars búnaðar, sem nota á við atvinnurekstur, svo sem um,

- a) gerð, útfærslu, uppsetningu, tilkynningarskyldu og prófanir,
- b) á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlitið til umsagnar eða samþykktar, áætlanir eða önnur gögn um gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,
- c) notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

48. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur lagt bann við framleiðslu, innflutningi, sölu, afhendingu, notkun og auglýsingum á sérlega hættulegum búnaði.

49. gr.

Hvers konar vélar, tæki og búnað, sem getið er um í 46. gr., nema bifreiðar og vélar, sem lúta öðrum lögum, skal skrá og skoða samkvæmt nánari fyrir-mælum í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins.

Um greiðslur fyrir skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla og búvéla skal Vinnueftirlit ríkisins semja gjaldskrá, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í öðrum lögum.

VIII. KAFLI

Hættuleg efni og vörur.

50. gr.

Efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu og öryggi manna í voða, þar með talin sprengi- og eldfim efni og sprengiefni, má aðeins framleiða eða nota við framleiðslu eða á annan hátt á vinnustað, ef þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum er beitt, sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Við framleiðslu, geymslu, merkingu, flutning og notkun skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar hollustuhætti og öryggi.

51. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um framleiðslu, umbúðir, áfyllingu, merkingu, meðferð, geymslu, flutning og notkun efna og vara, sem geta verið hættuleg, dregið verulega úr öryggi eða leitt geta til lakari aðbúnaðar eða hollustu-hátta.

Vinnueftirlit ríkisins getur bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara. Sama gildir um efni og vörur, þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

Framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal gerð í samráði við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og/eða aðra sérfróða aðila, sem um þessi mál fjalla.

IX. KAFLI

Hvildartími og frídagar.

52. gr.

Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a. m. k. 10 klukkustunda samfellda hvíld.

Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klukkustundir, með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd, þegar um er að ræða:

- a) vaktavinnu,
- b) störf að landbúnaði,
- c) björgun verðmæta frá skemmdum svo sem sjávaraflla.

53. gr.

Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruaflla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvaramandi ófyrirséðra atburða, má víkja frá ákvæðum 52. greinar, að því marki sem nauðsynlegt er, til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd slíkra frávíka.

54. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá ákvæðum 52. greinar, þegar

- a) starfið er þess eðlis, að ekki er hægt að stöðva starfsemina,
- b) sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um slíka vinnuframkvæmd.

Frávik frá samfelldri hvíld má gera í undantekningartilvikum, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð.

Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávik tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins.

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd 52., 53. og 54. gr. skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, sem bannar styttingu hvíldartímans, ef það telur hættu stafa af lengingu vinnutímans.

55. gr.

Á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag, sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma, sbr. 52. gr.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir, sem starfa í fyrirtækinu, fá fri á þeim degi.

- Ef nauðsyn krefur má fresta vikulegum frídegi og gefa þess í stað fri síðar:
- þeim sem starfa í heilbrigðis- og vistunarstofnunum eða við önnur hjúkrunar- og líknarstörf,
 - þeim sem vinna við vörslu dýra og gróðurs,
 - þeim sem annast framleiðslu- og þjónustustörf, þar sem sérstakar aðstæður gera slík frávík nauðsynleg,
 - þeim sem annast þau störf, sem nauðsynleg eru vegna öryggismála og varðveislu verðmæta.

Ennfremur má veita frávík, þegar ytri aðstæður svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða aðrir tilsvaramandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd þessarar greinar.

Slíkt samkomulag aðila vinnumarkaðarins skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins, sem bannar frávík, ef stofnunin telur, að ekki séu nægar ástæður fyrir tilfærslu frídaga.

56. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá 1. mgr. 55. gr. þegar

- ekki er hægt að gera hlé á vinnu vegna eðlis hennar,
- sérstakir starfshættir valda því, að slík frávík eru nauðsynleg.

Frávík að því er varðar einstakan frídag má þó gera, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð. Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávík tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið tímabundnar undanþágur frá ákvæðunum um vikulega frídaga, skv. 55. gr.

57. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um það, hvenær megi vikja frá reglunum um vikulegan frídag, með samkomulagi við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

58. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um takmörkun vinnutíma við störf, sem geta verið hættuleg heilsu manna eða öryggi.

X. KAFLI

Vinna barna og unglínga.

59. gr.

Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 14 ára aldurs.

Ungmenni merkja í lögum þessum unglínga á aldurskeiði 14—17 ára.

60. gr.

Börn má ekki ráða, nema til léttra, hættulítilla starfa.

Vinnueftirlit ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um, hvað teljast létt, hættulítill störf, sbr. lög nr. 53 1966 um vernd barna og ungmenna.

61. gr.

Vinnutími unglínga, sem eru 14 og 15 ára, skal ekki fara fram úr venjulegum vinnutíma fullorðinna, sem starfa í sömu starfsgrein.

Unglingar mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Vinnutíminn skal vera samfelldur og aðeins vera rofinn af hæfilegum matmáls-, kaffi- og hvíldartímum.

62. gr.

Unglingar, sem eru 16 og 17 ára, skulu hafa minnst 12 klukkustunda hvíld á sólarhring. Hvíldartíminn skal að jafnaði vera á tímanum milli klukkan 19 og 7. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um lengd vinnutíma unglunga 16 og 17 ára og hvenær hann skal vera, fyrir störf og starfsgreinar, þegar aðstæður eru slíkar, að nauðsynlegt er að setja slíkar reglur.

63. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um

- a) að hve miklu leyti megi leyfa vinnu unglunga, sem eru 16 og 17 ára, fram yfir venjulegan vinnutíma í viðkomandi starfsgrein,
- b) takmörkun á því að unglingar, sem eru 16 og 17 ára, vinni við þau skilyrði, sem nefnd eru í 3. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 56. gr., staflað a.

XI. KAFLI

Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

64. gr.

Rækja skal atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um heilbrigðisþjónustu í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

65. gr.

Heilsuvernd starfsmanna merkir í lögum þessum þjónustu, sem komið er á fót, til þess að

- a) stuðla að því, að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni, sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,
- b) stuðla að því, að vinnu sé hagað þannig, að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,
- c) stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

66. gr.

Heilsuvernd starfsmanna skal falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi, sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til, sbr. 19. gr. laga nr. 57/1978.

Hvert fyrirtæki skal gera skriflegan samning við stjórn viðkomandi heilbrigðisstofnunar (stofnana) um fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar þjónustu, sem veita skal. Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að slíkir samningar séu gerðir og hlutast til um að skorið sé úr ágreiningi, er upp kann að koma milli heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss og atvinnurekanda.

67. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um, að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun, áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á, eftir að þeir eru hættir störfum, ef starfsskilyrði eru/voru slík að mati stjórnarinnar, að heilsutjón gæti hlotist af, enda sé ástæða til þess að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma.

Í reglum þessum skal nánar kveðið á um, í hverju læknisskoðun skuli fólgin og hverjar mælingar eða aðrar rannsóknir skuli framkvæma. Taka skal tillit til starfsumhverfis. Hægt er að setja slíkar reglur fyrir einstaka vinnustaði og/eða starfsgreinar. Kveða skal á um, hvort slíkar skoðanir, mælingar eða rannsóknir skuli vera reglubundnar og hversu tíðar þær skuli vera.

Ákvarðanir um læknisskoðanir, mælingar og aðrar rannsóknir skal taka í samráði við sérfræðinga og stofnanir á viðkomandi sviðum læknisfræðinnar.

Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu sendar landlækni til umsagnar.

68. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni og skal hann vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.

Verkefni hans er:

- a) að vera tengiliður Vinnueftirlits ríkisins við heilbrigðisyfirvöld,
- b) að veita forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild, sbr. 73. gr. laga þessara,
- c) að sjá um, að haldin sé skrá yfir atvinnusjúkdóma, vinnuslys og eitranir, sbr. 78. gr., staflið f og 81. gr. laga þessara,
- d) að vinna að þeim málum öðrum, er snerta heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, eftir nánari ákvörðun stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

69. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að heilsuverndareftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna.

Starfsmönnum og fyrrverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma.

70. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um læknisskoðun barna og unglunga undir 18 ára aldri, þegar þau hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skólalæknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

71. gr.

Ef einstakir starfsmenn eða hópar manna vinna við skilyrði, er talist geta vara-söm heilsu þeirra eða öryggi, skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um, að jafnframt eftirliti með starfsmönnum, sé veitt aukin fræðsla um þá slysa- og/eða sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starfsumhverfi þeirra, sbr. 14. gr. og 78. gr., staflið e, laga þessara.

72. gr.

Séu af hálfu þeirra aðila, sem fara með gæðaeftirlit á vinnustöðum vegna matvælaframleiðslu, gerðar aðrar kröfur en þær, sem Vinnueftirlit ríkisins gerir um læknisskoðun og aðrar rannsóknir með tilliti til heilbrigðis starfsmanna, skal stjórn Vinnueftirlits taka tillit til slíkra sérþarfa við ákvörðun á umfangi læknisskoðunar og annarra rannsókna.

XII. KAFLI

Vinnueftirlit ríkisins.

73. gr.

Vinnueftirlit er eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Það eftirlit er í höndum sérstakrar stofnunar, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál.

Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun. Stofnunin hefir aðalsetur í Reykjavík.

Ráðherra skal skipta stofnuninni í deildir, svo sem rekstrardeild, eftirlitsdeild, fræðslu- og upplýsingadeild, brunamáladeild, atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild o. fl., að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra skal setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum.

74. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig:

Þrjú stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnu-málasambandi samvinnufélaganna og einn stjórnarmanna án tilnefningar. Var-
menn í stjórn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnar-
laun. Skipun stjórnar skal vera til fjögurra ára í senn.

75. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar
henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og fer, ásamt forstjóra, með tengsl
stofnunarinnar við félagsmálaráðuneytið.

76. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og setur honum er-
indisbréf, hvort tveggja samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann skal gera tillögur til
stjórnarinnar um starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á fjárreiðum stofn-
unarinnar.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar með samþykki stjórnar hennar.

Forstjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundum og ennfremur aðrir starfsmenn
stofnunarinnar, þegar við á. Þeir skulu hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

77. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmd laga þessara, skulu fyrirtæki þau
er lög þessi gilda um, greiða í ríkissjóð iðgjöld, sem innheimt skulu ásamt slysa-
tryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar.

Iðgjöld skulu reiknast af sama stofni og slysatryggingaiðgjald, sbr. 1. mgr.
þessarar greinar. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í
senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins, ásamt leiðréttingu
vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld samkvæmt 1.
mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukþjónustu samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

Það sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að
standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

78. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur það verkefni að:

- a) leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum
vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
- b) aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við
lög þessi,
- c) gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög þessi,
- d) afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi
að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e) veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi
hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekk-
ingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á
vinnustöðum,
- f) sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, sem ætla má, að eigi
orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m. a.
á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir
verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum at-

- vinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,
- g) fjalla um áætlanir um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,
 - h) hafa eftirlit með og sjá um, að lögnum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

79. gr.

Ráðherra setur Vinnueftirliti ríkisins starfsreglur í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Ráðherra getur falið Vinnueftirliti ríkisins að fjalla um tiltekin mál og verkefni, skyld þeim verkefnum, sem lög þessi fjalla um.

80. gr.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins eða stjórn stofnunarinnar ákveður hvaða tiltekin verkefni samkvæmt nánari skilgreiningu verði falin öðrum. Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með slíku eftirliti annarra aðila.

Fyrir ýmiss konar aukapjónustu, svo sem eftirlit með lokuðum vatnshitunarkerfum, þrýstiraunir, gasmælingar í geymum vegna eld- og sprengihættu, fallprófanir á lyftum, eftirlit með fermingu og affermingu kaupskipa, námskeið og próf, upplýsingaspjöld og -rit, ber þeim að greiða, sem óska slíkrar þjónustu eða þarfnast hennar að dómi Vinnueftirlits ríkisins. Hið sama gildir um kannanir og rannsóknir, sem fram eiga að fara, annars staðar en hjá þeim, sem þjónustunnar þarfnast.

Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra setur gjaldskrá um aukapjónustu að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

Heimilt er að innheimta greiðslu fyrir aukapjónustu áður en hún er veitt.

81. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Vinnueftirlits ríkisins setja reglur um tilkynningar- og skráningarskyldu hvers konar vinnuslysa og meiðsla, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra tilvika, sem þýðingu geta haft í þessu sambandi. Læknir, sem kemst að því eða fær grun um, að einstaklingar eða hópar manna hafi orðið fyrir skaðlegum verkunum vegna vinnu sinnar, skal tafarlaust tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins. Ráðherra skal setja nánari reglur um skyldur lækna og um það, til hvaða annarra aðila hún nær.

Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað, skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglustjóra og Vinnueftirliti ríkisins, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sólarhrings.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum, sem stofnuninni berast.

Vinnueftirlitið skal framkvæma rannsókn á orsökum eitrana og slysa, sem því berst vitneskja um, í þeim tilgangi að geta stuðlað að því, að komið sé í veg fyrir slíkar eitranir og slys á vinnustöðum.

82. gr.

Öllum starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal, hvenær sólarhings sem er, heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi taka til, enda geri þeir atvinnurekanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af atvinnurekanda og sérhverjum starfsmanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjú mánuði. Þeim er heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt lögum þessum.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins skulu sýna skilríki um starf sitt.
Löggæslumenn aðstoða við eftirlit sé nauðsyn á því. Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slíka aðstoð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra.

83. gr.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins mega ekki láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans, að eftirlitsferð sé gerð vegna umkvörtunar.

84. gr.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfseminni eða þeim hluta hennar, sem krafan heinist að.

85. gr.

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hætta sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

86. gr.

Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eittraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.

Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila, sem að ofan greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhrarfa starfsmanna af vinnustað, þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

87. gr.

Ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, getur Vinnueftirlitið lagt dagsektir á fyrirtækið í stað lokunar. Sektirnar skulu ákveðnar, annað hvort sem viðurlög strax, þegar krafa er gerð eða þegar frestur til umbóta er útrunninn. Upphæð dagsektanna skal fara eftir því, hve aðkallandi umbæturnar eru og eftir stærð og umsvifum fyrirtækisins.

Atvinnurekandi getur innan hálf mánaðar frá kröfugerðinni áfrýjað sektar-ákvæðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sem strax og unnt er, skal taka

ákvörðun um málið og eigi síðar en eftir einn mánuð. Hafi stjórnin ekki fellt úrskurð sinn þá gildi úrskurður Vinnueftirlitsins.

Sektir þessar eru kræfar með lögtaksrétti.

88. gr.

Í hverju fyrirtæki skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarendi skráningarform, þar sem skráðar eru heimsóknir eftirlitsmanna og athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar, er varða starfsumhverfi.

Ennfremur skal skrá hvers konar meiðsli, eitranir og slys og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins skal setja nánari reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka og annarra skjala.

89. gr.

Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álits meðráðherra sinna.

XIII. KAFLI

Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

90. gr.

Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

91. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum aðilum.

Vinnueftirlit ríkisins hefir samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

92. gr.

Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 48/1978.

93. gr.

Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum forstjórans, getur hann skotið máli sínu til stjórnar stofnunarinnar, sbr. 98. gr. laga þessara.

94. gr.

Hver sá sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal

vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

95. gr.

Hver sá, sem hefir með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

96. gr.

Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefir gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

97. gr.

Sé öðrum aðilum, með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum franleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsululeyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefir aflað sér annarra tilskilinna leyfa.

XIV. KAFLI

Áfrýjun úrskurða.

98. gr.

Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefir verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið, svo fljótt sem verða má.

Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr.

XV. KAFLI

Refsiákvæði.

99. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

XVI. KAFLI

Gildistaka.

100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum með síðari breytingum. Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Nú brýtur starfsemi við gildistöku laga þessara að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, og skal þá forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimilt að veita tiltekinn frest til þess að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.
2. Reglugerð samkvæmt 6. mgr. 73. gr., svo og reglur samkvæmt lögum þessum, skal setja svo fljótt sem verða má. Þar til þær hafa verið staðfestar, skulu þær reglugerðir og reglur, sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Seðlabanki Íslands skal árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 300 milljónir króna á ári miðað við verðlag 1. janúar 1979, til lánveitinga til fyrirtækja, sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skal að lánsféð verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum, sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í tengslum við kjarasamninga vorið 1977 lögðu aðilar vinnumarkaðarins fram sameiginlegar tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem samþykktar voru af þeim og ríkisstjórninni 19. apríl 1977.

Er þar meðal annars lagt til, að ríkisstjórnin hlutist til um, að skipuð verði nefnd, sem fái það verkefni, að endursemja lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og um vinnuumhverfi verkafólks almennt.

Í nýrri löggjöf um þetta efni verði ákveðið, að ein eftirlitsstofnun sjái um framkvæmd laganna í stað þeirra, sem nú heyra undir ýmis ráðuneyti.

Í lögnum verði ótvíræð ákvæði um skyldu eftirlitsstofnunar til þess að banna vinnu verkafólks á þeim vinnustöðum, sem ekki eru búnir í samræmi við lög, reglugerðir eða fyrirmæli eftirlitsstofnunar.

Nefndin verði skipuð fulltrúum frá A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S., svo og sérfróðum mönnum í þessum málum.

Gert var ráð fyrir, að nefndin lyki störfum innan 12 mánaða.

Í tillögnum er enn fremur lagt til, að gerð verði sérstök allsherjarathugun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum.

Úttektinni skal fyrst og fremst beint að eftirfarandi atriðum:

1. Vinnuhúsnæði almennt.
2. Loftræstingu og efnasamsetningu andrúmslofts vinnuhúsnæðis, svo sem vegna uppgufunar, reyks og ryks.
3. Meðferð hættulegra efna.
4. Hreinsun vinnuhúsnæðis og hreinsunaraðferðum.
5. Hávaða í vinnuhúsnæði og orsökum hans.
6. Lýsingu vinnuhúsnæðis með tilliti til vinnuaðstöðu og verkefna.
7. Upphitun vinnuhúsnæðis og rakastigs á vinnustað.
8. Hlíðar- og öryggisbúnaði gegn heilsutjóni og slysum og notkun hans.
9. Vélbúnaði í vinnuhúsnæði, svo og vélknúnum tækjum og öryggisbúnaði slíkra tækja.
10. Vinnuaðstöðu og áhöldum.
11. Starfsmannarými, þ. e.

- a. Fataskiptaaðstöðu og fataskápum.
- b. Mötuneyti, mat- og kaffistofu.
- c. Snyrtiaðstöðu, svo sem handlaugum, salernum og böðum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmi sameiginlega, samkvæmt sérstöku umboði stjórnvalda, úttekt vinnustaða á næstu 12 mánuðum og fái til þess sérstaka fullnægjandi fjárveitingu.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins skulu gera úttektarskýrslu um alla vinnustaði, sem úttektin nær til, í samráði við vinnuveitanda og trúnaðarmenn og láti viðkomandi fyrirtæki og verkafólksfélög fá afrit hennar.

Komi í ljós, að vinnustaður er samkvæmt úttektarskýrslu ekki útbúinn í samræmi við lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23 1. febrúar 1952 og reglugerðir settar samkvæmt þeim og heilbrigðisreglugerð skv. 9. gr. laga nr. 12/1969, skulu Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins gefa stjórnendum viðkomandi vinnustaða fyrirmæli um úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að vinnustaður verði útbúinn í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Verði nauðsynlegum úrbótum ekki lokið innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er af Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins, með tilliti til undirbúnings og framkvæmdatíma úrbóta, í samráði við forstöðumenn viðkomandi fyrirtækja og trúnaðarmann á vinnustað, er eftirlitsstofnun skylt að banna vinnu verkafólks á vinnustaðnum.

Komi til lokunar vinnustaða af þessum ástæðum og verkafólk missi vinnu sína, skal því sagt upp starfi með tilskildum uppsagnarfresti, enda tilkynni stofnirnar fyrirtæki lokun með þeim fyrirvara, að slíkt sé mögulegt.

Sé um að ræða sérstaklega slæmt ástand varðandi hollustuhætti og öryggi á vinnustað, skal fyrirtækinu skylt að gera úrbætur þegar í stað. Sé það ekki gert, skal banna vinnu á staðnum tafarlaust, enda haldi fólk þá launum út uppsagnarfrestinn.

Í sambandi við slíka stöðvun skal þess gætt að hún geti ekki skapað hættuástand fyrir umhverfið.

Þeim fyrirtækjum, sem skylt er að framkvæma úrbætur á aðbúnaði, hollustuháttum og vinnuumhverfi, skal veitt lán til að framkvæma úrbæturnar og/eða til kaupa á nauðsynlegum tækjum í því skyni.

Stjórnvöld útvegi fjármagn í þeim tilgangi.

Tryggt skal að slíkt lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á vinnuumhverfi og öryggisbúnaði.

A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S. tilnefni fulltrúa, til þess að fylgjast með úttekt á ástandi vinnustaða og til þess að fjalla um lánþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Hinn 22. júní 1977 ritaði forsætisráðuneytið Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eftirfarandi bréf:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í nefndinni munu eiga sæti 3 fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, 2 fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 3 fulltrúar skipaðir af ráðherra, án tilnefningar. Skipar ráðherra formann nefndarinnar.

Skal stefnt að því að ný lög um þessi mál taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979.

Ríkisstjórnin hefur ennfremur ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skal gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum og verða niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um þetta efni.

Er gert ráð fyrir að ofangreind nefnd leggi á ráðin um þessa athugun og fylgist með henni.

Ríkisstjórnin mun stefna að því að upp verði tekið reglubundið allsherjar-
eftirlit með öryggismálum og vinnuvernd á öllum vinnustöðum, fyrst í stað með
eflingu þess eftirlits, sem fyrir er.

Í því skyni að unnt verði að koma fram aðkallandi úrbótum á aðbúnaði og
öryggi vinnustaða, þar sem þeirra er þörf, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir að fé
fái til lána til fyrirtækja í þessu skyni.

Þess er hér með farið á leit við yður, að þér tilnefnið fulltrúa yðar til þátttöku
í áðurgreindri nefnd og tilkynnið félagsmálaráðuneytinu ákvörðun yðar svo fljótt
sem kostur er.“

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði félagsmálaráðherra hinn
14. september 1977 nefnd til þess að semja frumvarp til laga um aðbúnað, holl-
ustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður var skipaður Hallgrímur Dalberg
ráðuneytisstjóri en ásamt honum voru skipaðir: Bolli B. Thoroddsen, hagræðingar-
ráðunautur, Karl Steinar Guðnason, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags
Keflavíkur og Guðjón Jónsson, formaður Málmiðnaðarsambands Íslands, tilnefndir
af Alþýðusambandi Íslands, Barði Friðriksson, hæstaréttarlögmaður og Geir Þor-
steinsson, verkfræðingur, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Júlíus Kr.
Valdimarsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélag-
anna, Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri, tilnefndur af Öryggiseftirliti ríkisins og
Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, tilnefndur af Heil-
brigðiseftirliti ríkisins.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 21. september 1977.

Var þá ákveðið að skipa starfsnefnd þriggja úr aðalnefndinni og að hlutverk
hennar yrði að undirbúa og skipuleggja fundi aðalnefndarinnar, með því að ann-
ast gagnasöfnun og setja fram hugmyndir og tillögur til umfjöllunar í aðalnefnd-
inni.

Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Örn Bjarnason, skólayfirlæknir.

Starfsnefndin hélt 24 bókaða fundi og aðalnefndin 36. Auk þess var fjallað
um einstök mál og efnisatriði af undirnefndum milli reglulegra funda.

Í byrjun var aðallega fjallað um undirbúning vinnustaðakönnunarinnar, en á
9. fundi, 19. júlí 1978, voru lögð fram frumdrög að lagafrumvarpi. Þar var í sam-
ræmi við ákvörðun aðalnefndarinnar gert ráð fyrir rammalögum, sem síðan yrði
fyllt inn í með reglugerðum, starfsreglum og öðrum reglum og fyrirmælum um
nánari útfærslu einstakra atriða.

Nefndin hefur gert sér far um að einfalda lagafrumvarpið og forðast skörun
við önnur lög og leitast hefur verið við að skilgreina hugtök, sem um er fjallað,
eins nákvæmlega og kostur er.

Við samningu frumvarpsins hafa fyrst og fremst verið hafðar í huga íslenskar
aðstæður, en einnig hefir m. a. verið höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf um sama
efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, svo og samþykktum Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar. Þá hefir verið stuðst við drög að frumvarpi til laga um vinnuvernd,
en nefnd undir stjórn Hjálmars Vilhjálmssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra félagsmála-
ráðuneytisins, vann að þessu verkefni 1973—1975 í samræmi við málefna-
samning ríkisstjórnarinnar, að hún skyldi beita sér fyrir setningu laga um alhliða vinnu-
vernd. Lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, með síðari
breytingum, hafa verið höfð til hliðsjónar, svo og lög nr. 12 17. mars 1969 um
hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, lög nr. 57/1978
um heilbrigðisþjónustu, ásamt fjölda annarra laga og reglugerða, sbr. fylgiskjal 2.

Ýmis ákvæði í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa verið
tekin efnislega upp í lagafrumvarpið, svo sem ýmsar skilgreiningar, en í samræmi
við þá ákvörðun nefndarinnar að vinna að frumvarpi að rammalögum er gert

rád fyrir, að ýmis ákvæði laganna um öryggisráðstafanir á vinnustöðum muni verða felld inn í reglugerðir og reglur, sem settar verði í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að við setningu reglugerða verði höfð hliðsjón af niðurstöðum vinnustaðakönnunarinnar.

Nefndin hefir leitað samráðs við fjölda margar stofnanir, sem lögum samkvæmt hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi, og aðra aðila, sem nefndin hefur talið mál þetta varða, svo sem Bifreiðaeftirlit ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, eitur-efnanefnd, Flugmálastjórn (loftferðaeftirlit), Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Hagstofu Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið, Rafmagnseftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og yfirdýralækni. Þá hefir verið haft samband við ýmsa sérfræðinga í ráðuneytum, svo sem landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti og við nefnd þá, sem endurskoðar lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Nefndin hefur unnið samkvæmt því megináhrifum, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum verði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra.

Í frumvarpi þessu er, í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 1977, lagt til, að ein stofnun, sem nefnd er Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna, ef lögfest verða, sbr. XII. kafla frumvarpsins.

Í þessu sambandi er lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila, sem hafa eftirlit á vinnustöðum, til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og oft margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Almennar athugasemdir.

I.

Gildissvið er í frumvarpinu rýmkað frá lögum nr. 23 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og gilda þau um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri starfsmenn vinna, og ná einnig til þeirrar starfsemi, þar sem eigandi vinnur einn í fyrirtæki sínu.

Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum taka aðeins til starfsemi, þar sem tveir starfsmenn eða fleiri vinna.

Frumvarpið tekur til skrifstofuvinnu og vinnu við landbúnaðarstörf, sem undanskilið er í lögum nr. 23 1952.

Á sama hátt og er í þeim lögum eru siglingar, fiskveiðar og loftferðir undanþegin í frumvarpinu.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum fer dómsmálaráðuneytið með mál er varða öryggisgæslu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 73 28. maí 1969 og Auglýsingu um reglugerð nr. 96 1969 um Stjórnarráð Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðherra fari með mál, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er það í samræmi við skipun nefndarinnar og þá skoðun hennar, að þessi mál heyri undir félagsmálaráðuneytið, enda falla málefni vinnumarkaðarins fyrst og fremst undir það ráðuneyti.

II.

Í frumvarpinu er lögð á það megináhrif, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurek- endur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Eru ákvæði laganna í þessu efni að verulegu leyti nýmæli og í anda þess, sem fram kemur í 1. gr. laganna um tilgang þeirra, sbr. umsögn um greinina síðar.

III.

Nýmæli eru í frumvarpinu um öryggisnefndir sérgreina. Í II. kafla er gert ráð fyrir, að í stærri fyrirtækjum verði stofnaðar öryggisnefndir sem í sitja fulltrúar

atvinnurekenda og fulltrúar starfsmanna. Í III. kafla er á sama hátt gert ráð fyrir að hægt sé að setja nefndir í sérgreinum til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan viðkomandi sérgreinar.

IV.

Skyldur atvinnurekenda eru skilgreindar í kaflanum um almennar skyldur, en auk þess eru ákvæði er lúta að skyldum atvinnurekenda í kaflanum um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja og í kaflanum um heilsuvernd og fleira. Eru ákvæði þessi mun ítarlegri en eru í gildandi lögum.

Hið sama gildir um skyldur verkstjóra og starfsmanna svo og þeirra, sem selja, setja upp, gera við eða hanna, leigja út eða lána vélar, tæki og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur, svo og þá sem hanna framleiðslusamstæður, húsnæði vinnustaða og önnur mannvirki og ennfremur um þá sem gefa ráð í þessum efnunum.

V.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um framkvæmd vinnu en eru í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli verði í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur.

VI.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um lættuleg efni og vörur en eru í lögum nr. 23 1952, að því er varðar meðferð þeirra og hugsanleg áhrif á starfsmenn og starfs- umhverfi.

VII.

Samfelldur lágmarkshvildartími skal vera 8 klukkustundir, samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu á hann að vera 10 klukkustundir.

Gert er ráð fyrir, að leyfð séu ákveðin frávik frá þessu atriði, þegar nauðsyn ber til, en slíkt er háð samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og samþykki Vinnueftirlits um framkvæmd.

Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um vikulegan frídag og frávik frá honum, sem háð eru sömu skilyrðum og greinir hér á undan.

VIII.

Ákvæðin um vinnu barna og ungmenna eru mun ítarlegri en núgildandi ákvæði í lögum nr. 23 1952.

IX.

Í kaflanum um heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir er fjallað um atvinnusjúkdómavarnir.

Gert er ráð fyrir, að sú starfsemi verði innan heilbrigðiskerfisins og sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verði falin heilsuvernd starfsmanna í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Eru þessi ákvæði mun ítarlegri en eru í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

X.

Með stofnun Vinnueftirlits ríkisins er leitast við að færa undir eina stofnun allt eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem lög þessi ná til, sbr. I. kafla laganna. Slíkt eftirlit hefur hingað til verið í höndum fleiri stofnana og ráðuneyta, en það fyrirkomulag hefur leitt til margvíslegra vandkvæða og öryggisleysis í framkvæmd.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er ítarlega skilgreint í XII. kafla lagafrumvarpsins.

Ráðherra skal skipta stofnuninni í deildir og landinu í eftirlitssvæði.

Um eftirlitsstörf eru almenn ákvæði, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji stofnuninni starfsreglur. Þessi almennu ákvæði hafa hins vegar verið skert og færð í form, sem talið er að geti hentað, einnig í afbrigðilegum tilvikum. Er stefnt að

því að Vinnueftirlit ríkisins geti betur komið á umbótum en reynst hefur kleift með stoð í nágildandi lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlitsins sé skipuð 7 mönnum: Alþýðusamband Íslands tilnefni 3 stjórnarmanna, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni 2 og Vinnumálasamband samvinnufélaganna einn og ráðherra skipi einn stjórnarmanna án tilnefningar. Er þetta með svipuðum hætti og er um skipun Öryggisráðs samkvæmt nágildandi lögum og í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar.

XI.

Tilkynningarskylda atvinnurekenda um tilvist, starfrækslu og breytingu fyrir-tækja hefir verið flókin og á reiki.

3. og 11. grein laga nr. 23/1952 um Öryggisráðstafanir á vinnustöðum fjalla um þessi atriði, en ekki hefur tekist framkvæmd á þeim lagagreinum, svo að gagni hafi komið.

Tilkynningarskylda er því í frumvarpinu bundin með einfaldari hætti, en áður var.

XII.

Það nýmæli er í frumvarpinu, að gert er ráð fyrir að kostnaður við Vinnu-
eftirlit ríkisins verði borinn uppi af iðgjöldum, sem reiknist á sama hátt og ið-
gjöld til slysatrygginga, sbr. lög um almannatryggingar. Nefndin taldi rétt að
fara þessa leið, þar sem í ljós hefir komið, að gjaldskrárfyrirkomulag það, sem
gilt hefir hjá Öryggiseftirliti ríkisins og byggt er á lögum nr. 23/1952, hefir reynst
illa og verið kostnaðarsamt í framkvæmd. eru þessu máli gerð ítarleg skil í umsögn
um 77. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

Um 1. gr.

Nefndin hefur í starfi sínu leitast við að tryggja, að hægt sé að fylgja félags-
legri og tæknilegri þróun í landinu og að hægt sé að leysa vandamál er varða að-
búnað, hollustuhætti og öryggi innan vinnustaðanna sjálfra.

Um 2. gr.

Áður var lýst þeirri rýmkun, sem lagt er til að verði á gildandi lögum.

Í gildandi lögum eru skrásett ökutæki undanskilin. Gert er ráð fyrir að Vinnu-
eftirlit ríkisins hafi eftirlit með þeim skrásettum ökutækjum, sem ekki lúta eftir-
liti annarra aðila lögum samkvæmt og er nánar fjallað um þetta í VII. kafla.

Nýmæli er að eftirlit skuli haft með búvélum og er einnig fjallað um það í VII.
kafla.

Nefndin hefur fjallað mjög mikið um eftirlit í landbúnaði almennt. Þar er fyrir
höndum mikið verkefni. Nú þegar fer fram eftirlit ýmissa aðila með ýmsum þátt-
um í landbúnaði, en þetta eftirlit þarf að efla. Nefndinni er hinsvegar ljóst, að
nokkurn tíma muni taka að koma á auknu eftirliti og er gert ráð fyrir að það verði
gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands, yfirdýralækni og aðra þá aðila, sem um
þessi mál fjalla.

Í gildandi lögum eru verksmiðjur í skipum háðar eftirliti Öryggiseftirlits rík-
isins.

Í þessari grein er kveðið svo á, að siglingamál og önnur verkefni sem sérstak-
lega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins séu undanþegin lögum þessum.

Í samræmi við þá skýru verkaskiptingu í eftirlitsstörfum, sem leitast er við,
er gert ráð fyrir, að störf lögskráðra manna verði háð eftirliti Vinnueftirlits rík-
isins, þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er, eins og í næstu grein á undan, leitast við að skilja á milli eftirlitsstarfa Vinnueftirlits ríkisins annars vegar og Loftferðaefirlits og Siglingamálastofnunar hins vegar.

Öll störf, er varða loftför á jörðu niðri, eru háð eftirliti Vinnueftirlits ríkisins nema ef um störf áhafnar er að ræða. Eftirlitið nær þannig til vinnupalla kringum loftför, aðbúnaðar í flugskýlum, öryggis í flugskýlum og verkstæðum, að því er varðar t. d. lyftur, háþrýstikúta, brunavarnir, rafmagnsmótora o. s. frv., vinnutækja, sem notuð eru við loftför t. d. lyftara, dráttarvagna o. s. frv. Eldsneytisáfylling loftfara er undir eftirliti flugmálastjórnar (Loftferðaefirlit). Hinsvegar hefur Vinnueftirlit ríkisins og skyldur gagnvart eftirliti með afgreiðslubifreiðum eldsneytis, eldsneytisgeymum og rafmótorum utan loftfars.

Í þessari grein er kveðið svo á um, að ráðherra geti falið Vinnueftirliti ríkisins eftirlit með áhöldum og vélum, mannvirkjum og framkvæmdum, sem lögin ná ekki til. Er þetta í samræmi við núgildandi ákvæði, en þeim hefur verið beitt, m. a. varðandi eftirlit með lyftum í fjölbýlishúsum og vatnshitunarkerfum, öðrum en jarðvarmaveitum.

II. KAFLI

ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISSTARFSEMI INNAN FYRIRTÆKJA

Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

Vísað er til þess, að hugtakið fyrirtæki er skilgreint í 90. grein, atvinnurekandi í 12. grein, verkstjóri í 20. grein og starfsmaður í 24. grein.

Bent skal á það markmið laga þessara, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sé sem mest flúið inn á vinnustaðina sjálfa og að það byggist á samstarfi starfsmanna og atvinnurekenda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru almennt orðuð ákvæði um skyldur starfsmanna, verkstjóra og atvinnurekenda að eiga samstarf um að stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á þeim vinnustöðum, þar sem eru einn til níu starfsmenn. Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur ákveðið, að 5. grein gildi fyrir þá starfshópa, sem hér um ræðir.

Um 5. gr.

Í lögum nr. 23/1952 eru ákvæði um að í fyrirtækjum, þar sem 5 starfsmenn eða fleiri vinna, er þeim heimilt að velja sér trúnaðarmann, sem gæti hagsmuna þeirra varðandi öryggi á vinnustað. Reynslan hefur hinsvegar orðið sú, að heimild þessi hefur sáralítið verið notuð.

Samkvæmt frumvarpinu er það hins vegar ótvíræð skylda á vinnustöðum, þar sem tíu starfsmenn eru eða fleiri, að starfsmenn skuli tilnefna úr sínum hópi sérstakan öryggistrúnaðarmann, sem gæti hagsmuna starfsmanna að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Þrátt fyrir ótvíræðan rétt og skyldu starfsmanna til að velja sérstakan öryggistrúnaðarmann er ekki loku fyrir það skotið að sami maður geti jafnframt verið félagslegur trúnaðarmaður starfsmanna, telji þeir slíka skipan heppilega.

Atvinnurekandi skal tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð, til þess að vinna að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sérstaklega.

Um 6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Í henni skulu sitja tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar atvinnurekanda. Þessi nefnd skal skipuleggja og hafa eftirlit með ráðstöfunum, sem varða aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ennfremur skal nefndin annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

Í greininni eru einnig ákvæði um samstarf eftirlitsmanna Vinnueftirlits ríkisins við atvinnurekanda, öryggistrúnaðarmenn, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna og við öryggisnefndir.

Ákvæðin í 5. og 6. grein um sérstakan öryggistrúnaðarmann starfsmanna, öryggisvörð og öryggisnefndir í fyrirtækjum eru algjör nýmæli.

Um 7. gr.

Sjálfsgagt þykir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um fyrirkomulag þeirrar starfsemi, sem fjallað er um í þessum kafla.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð á það áhersla að fulltrúi/fulltrúar vinnuveitenda hafi fullt umboð hans. Auk þess er hér fjallað um ýmsar skyldur atvinnurekanda varðandi þá starfsemi, sem miðar að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtæki hans, þar á meðal skyldu hans að eiga frumkvæði að samstarfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna, öryggisnefnda og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. starfsfólks þeirrar heilbrigðisstofnunar, sem annast heilsuvernd starfsmanna, sbr. 66. grein, sbr. einnig 16. gr.

Flest atriði þessarar greinar eru nýmæli, í samræmi við það, að skipulag starfsemi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækja er að mestu nýsmið.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu Vinnueftirlits ríkisins til að veita fyrirtækjum sérfræðilega aðstoð eða benda á sérfræðinga, er ráðgjöf geta veitt varðandi bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

III. KAFLI

Öryggisnefndir sérgreina.

Ákvæði þessa kafla eru algjör nýmæli.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að aðilar vinnuarkaðarins geti stofnað öryggisnefndir í sérgreinum, svo sem byggingariðnaði, fiskiðnaði, hafnarvinnu, iðju- og verksmiðju-starfsemi, málmíðnaði og skipasmíði o. s. frv.

Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna slíkar nefndir.

Hugmyndin að baki þessari grein er að virkja þá sérfræðipækkingu, sem aðilar vinnuarkaðarins í hverri grein hafa yfir að ráða og er þetta í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í 1. grein laga þessara.

Gert er ráð fyrir að öryggisnefndir sérgreina fái, þegar við á, til umsagnar nýjar reglugerðir og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins fjallar um hverju sinni og ennfremur að öryggisnefndir geti átt frumkvæði að því að leggja ákveðnar hugmyndir fyrir stjórnina.

Í 3. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu Vinnueftirlitsins að ráðfæra sig við öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar, sem stjórnin hefur viðurkennt.

Í 4. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu öryggisnefnda að stunda fræðslustarfsemi, bæði gagnvart atvinnurekendum og starfsmönnum.

Í 5. mgr. þessarar greinar er á sama hátt og í 2. mgr. þessarar greinar gert ráð fyrir, að öryggisnefndir geti lagt fram tillögur um breytingar á gildandi reglum.

Í 6. mgr. þessarar greinar segir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji reglur um skipulag, verkefni og starfsemi öryggisnefnda, sérgreina svo og um fjármögnun vegna starfsemi þeirra.

IV. KAFLI ALMENNAR SKYLDUR

a: Skyldur atvinnurekenda.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 23/1952 telst sá einn atvinnurekandi, sem hefir tvo eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni.

Í samræmi við þá meginstefnu laga þessara, að allir, sem atvinnurekstur hafi með höndum, beri ábyrgð sem slíkir, er í lögnum gert ráð fyrir, að einstaklingar sem stunda atvinnustarfsemi séu taldir atvinnurekendur.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en vísað er til athugasemda við V.—VIII. kafla.

Um 14. gr.

Í þessari grein er með ákveðnari hætti en áður hefur verið kveðið á um skyldur atvinnurekenda að því er varðar kennslu og þjálfun starfsmanna.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í grein þessari er með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á atvinnurekanda að hann eigi frumkvæði að því, að það samstarf, sem II. kafla laganna fjallar um, komist á og verði rækt.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru nýmæli, þar sem kveðið er á um, að þar sem fleiri en einn atvinnurekandi á aðild að starfsemi á sama vinnustað, skuli þeir hafa samvinnu um að tryggja góðan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum í heild, sbr. og 36. grein.

Í flestum tilvikum leysast mál sem þessi án utanaðkomandi aðgerða. Leysist þau hins vegar ekki á þann hátt, er gert ráð fyrir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins geti sett reglur um það, hvernig slíku samstarfi skuli háttað, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Um 18. gr.

Grein þessi gefur Vinnueftirliti ríkisins heimild til þess að krefjast þess, að atvinnurekandi láti gera rannsókn eða úttekt, þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um, að starfsskilyrði fullnægi ekki ákvæðum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og er hún í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga nr. 23/1952.

b: Skyldur verkstjóra.

Um 20.—23. gr.

Skilgreining á verkstjóra er nýmæli í lögum og ákvæðin um stöðu hans og skyldur eru það einnig.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

c: Skyldur starfsmanna.

Um 24. gr.

Í lögum nr. 23/1952 er verkamaður skilgreindur sem karl eða kona, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Þekkt er, að stórfelldur atvinnurekstur, sem skipulagður er af ákveðnum atvinnufyrirtækjum, á sér stað á heimilum. Má þar til nefna saumaskap, þar sem starfsmönnum eru lagðar til vinnuvélar og efni.

Skilgreining gildandi laga nær ekki til slíkra starfa.

Nauðsynlegt er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi undir slíkum kringumstæðum sé í samræmi við frumvarpið.

Í frumvarpinu er orðið starfsmaður tekið upp í stað orðsins verkamaður, sem notað er á hliðstæðan hátt í eldri lögum.

Um 25.—28. gr.

Augljóst er að samstarf það, sem gert er ráð fyrir í II. kafla laga þessara, getur ekki átt sér stað, nema starfsmenn taki virkan þátt í því. Hér er því með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á starfsmenn, að þeir ræki slíkt samstarf.

d: Skyldur þeirra sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Um 29.—35. gr.

Í þessum kafla er með skýrari og ótvíræðari hætti en er í lögum nr. 23 1952 kveðið á um skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við, lána út, leigja eða hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Bent skal á þau nýmæli, sem eru í 2. mgr. 29. gr. um að leiðbeiningar um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skuli vera á íslensku.

Ennfremur skal bent á nýmæli í 3. mgr. 29. gr., þar sem kveðið er á um að reglur þær, sem eru í 1. mgr. 29. gr. gildi einnig, þegar búnaður er endurseldur, lánaður út eða leigður og nýmælin í 1. mgr. 29. gr. um merkingar véla og tækja, svo og ákvæði í 1. mgr. 30. gr. um skyldur hönnuða og 3. mgr. 32. gr. um skyldur ráðgjafa. Jafnframt er vakin athygli á, að í 33. grein kemur fram, að reglur varðandi búnað gilda um meðferð hættulegra efna og vara.

Skyldur verktaka o. fl.

Um 36. gr.

Sjá skýringu við 17. grein.

V. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

Um 37. gr.

Þarf ekki skýringa við að öðru leyti en því, að hér eins og annars staðar í frumvarpinu er til frekari áherslu getið „góðs aðbúnaðar og hollustuhátta“, jafnframt því „að gætt sé fyllsta öryggis“, eins og í greininni stendur. Telja má víst, að fyllsta öryggis sé ekki gætt nema góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé einnig gætt.

Að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum er nýmæli í frumvarpi sem þessu hér á landi. Þar eð staðlar eru sífellt að færast nær því að vera samnorrænir eða nánast alþjóðlegir þykir rétt að tekið sé mið af þeim.

Reglugerðir eða sérstök lagaákvæði verða að jafnaði síðar gerð um efnið. Auk þess vísar notkun staðla til samræmingar og einföldunar.

Um 38. gr.

Í greininni er ekki tæmandi upptalning á því, sem setja þarf reglur um. Upp-
talning er gerð til þess, að minna aðila, sem hlut eiga að, á tiltekin veigamikil
atriði.

Um 39. gr.

Þrátt fyrir skyldu atvinnurekanda, sbr. 93. grein, að tilkynna Vinnueftirliti
ríkisins um fyrirhugaðar breytingar fyrirtækja sinna, þykir rétt að benda á, að hægt
sé að gera kröfur um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir eftir hina áætluðu
breytingu á fyrirtækinu, svo að ljóst verði hvort eða hvaða varúðarráðstafana kunni
að verða þörf eftir það.

Um 40. gr.

Með grein þessari eru sett nánari og ákveðnari takmörk en áður um vinnu
ákveðinna aðila við tiltekin störf og að reglur verði settar um það sem í nógildandi
lögum er tilgreint að ráðherra geti sett reglugerð um. Þess er vænst að þetta verki
hvetjandi í þá átt, að reglur verði settar um þetta efni.

VI. KAFLI

Vinnustaður.

Um 41. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem hugtakið vinnustaður er skilgreint.

Um 42. gr.

Vísað er til skýringa við 37. grein.

Um 43. gr.

Vísað er til skýringa við 38. grein.

Um 44. gr.

Í þessari grein er tekið fram, að reglur skulu settar um áætlanir vegna ný-
bygginga, breytinga, uppsetningar tækja eða búnaðar, sem leggja skal fyrir Vinnu-
eftirlit ríkisins, áður en breytingarnar eða uppsetningin er gerð.

VII. KAFLI

Vélar, tækjabúnaður og fleira.

Um 45. gr.

Hér eru skilgreiningar á fimm flokkum véla. Skilgreiningar þessar ná yfir allar
vélar, sem knúðar eru af öðrum vélum eða knýja aðrar vélar. Skilgreiningar þessar
eru ekki til annars staðar, svo vitað sé, en þær auðvelda setningu á reglum og reglu-
gerðum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem starfa við eða eru
í nánd við vélar.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru fyllri ákvæði en eru í eldri lögum um setningu reglna
varðandi þau atriði, sem upp eru talin í grein þessari og setja skal sérstakar reglur
um.

Um 48. gr.

Það er nýmæli í íslenskum lögum að banna megi framleiðslu og innflutning á hættulegum búnaði.

Um 49. gr.

Í núgildandi lögum er tíðni skoðana fastbundin minnst einu sinni á ári. Þessar reglur hafa um of bundið hendur Öryggiseftirlits ríkisins miðað við mismunandi þarfir, m. a. fyrir strjálali skoðanir.

Samkvæmt þessari grein hefur Vinnueftirlit ríkisins frjálssar hendur að setja reglur í samræmi við raunverulegar þarfir, auk þess sem gert er ráð fyrir mun viðtækara starfssviði, svo sem varðandi farandvélar, farandvinnuvélar og húvélar.

VIII. KAFLI

Hættuleg efni og vörur.

Um 50. gr.

Í þessum kafla er fjallað um efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu manna og öryggi í voða. Um slík efni og vörur gilda ákvæði laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni. Í 20. grein þeirra laga segir, að öryggismálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd ákvæða laganna svo fremi að það sé í verkahring hans.

Gert er ráð fyrir því að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins taki við þessu hlutverki og í kaflanum eru ákvæði, sem skilgreina skyldur Vinnueftirlits ríkisins nánar í þessu tilliti.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru almenn ákvæði um meðferð áðurnefndra efna og vara á vinnustað, sem skal vera þann veg, að starfsmenn skulu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Í 2. mgr. þessarar greinar er vísað til laga og reglugerða, sem fjalla um þessi mál, sbr. upptalningu í lista þeim yfir lög og reglugerðir o. fl., sem varða lög þessi. Þessi ákvæði miðast við valdsvið forstjóra Vinnueftirlits ríkisins skv. 20. gr. laga nr. 85 1968 og ennfremur lög nr. 46 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er sú skylda lögð á Vinnueftirlit ríkisins, að gefa út leiðbeiningar um ýmis atriði er varða hættuleg efni og vörur.

Í 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir, að stofnunin geti, í samráði við heilbrigðisyfirvöld og aðra aðila, eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara, í samræmi við 20. gr. laga nr. 85/1968.

IX. KAFLI

Hvíldartími og frídagar.

Um 52.—58. gr.

Vísað er til almennra athugasemda í inngangskafli.

Meginstefna frumvarpsins er, að lágmarkshvíldartími er lengdur. Hinsvegar þykir óhjákvæmilegt að hafa í frumvarpinu ákvæði, sem leyfa viss frávik vegna sérstakra aðstæðna og atvinnuhátta.

Ákvæðin í 52.—56. grein varðandi samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd eru til áréttingar um að samtök launþega og atvinnurekenda geri samkomulag sín á milli um nánari útfærslu hvíldar- og frídagaákvæða, sbr. ákvæði þau, sem þegar er að finna um hliðstæð efni í samningum ýmissa stéttarféлага.

X. KAFLI

Vinna barna og ungmenna.

Um 59.—63. gr.

Með ákvæðunum í þessum kafla er leitast við að tryggja, að börn og ungmenni vinni ekki störf, sem eru hættuleg heilsu þeirra eða þroska, en jafnframt viðurkenndur réttur þeirra til þess að fá vinnu við sitt hæfi. Á þetta bæði við tegund starfs og lengd vinnutíma.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins setji fram nánari skilgreiningar um vinnu barna með hliðsjón af lögum um vernd barna og unglunga.

XI. KAFLI

Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

Um 64. gr.

Með atvinnusjúkdómum, samkvæmt þessari grein, er átt við hið sama og kemur fram í 78. grein, staflað f, en það eru þeir sjúkdómar, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi. Getur þar verið um að ræða beinar orsakir, þar sem tiltekinn þáttur í starfsumhverfi er sannanlega aðalorsök sjúkdóma eða kvilla, slysa eða eitrana eða í starfsumhverfi er að finna meðverkandi orsakir sjúkdóma eða kvilla og þessi skilgreining á atvinnusjúkdómi er óháð því, hvort um bótaskyldan sjúkdóm sé að ræða eða ekki.

Framkvæmd atvinnusjúkdómavarna verði í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57 1978 og í samvinnu við heilbrigðisyrfrvöld.

Um 65. gr.

Skilgreining á heilsuvernd starfsmanna er samin með hliðsjón af samþykkt Alþjóðavinnnumálaþingsins á Tillögu nr. 112 24. júní 1959 um heilsugæslu á vinnustöðum. Þar sem gert er ráð fyrir að öll lækningastarfsemi verði á vegum heilbrigðiskerfisins og á kostnað sjúkratrygginga, er hér fjallað um framkvæmd heilsuverndar, sem einnig verði innan heilbrigðiskerfisins.

Um 66. gr.

Heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum er ætlað að veita heilsuverndarþjónustu. Nefndin hefur kynnt sér þau þjónustuform, sem eru á hinum Norðurlöndunum og er sammála um, að eðlilegt sé, að heilsuvernd sé að öllu leyti á vegum heilbrigðiskerfisins, sbr. tilvitnun í lög nr. 57 1978 í 1. mgr. þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir að hvert fyrirtæki geri skriflegan samning við stjórn heilsugæslustöðvar eða sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar, þegar það á við.

Vinnueftirlitið skal stuðla að því að slíkir samningar séu gerðir og ef upp koma ágreiningsatriði milli heilsugæslustöðvar/sjúkrahúss og atvinnurekanda að hlutast til um að skorið sé úr þeim ágreiningi af réttum yfirvöldum.

Um 67. gr.

Auk þeirrar almennu heilsuverndar, sem gert er ráð fyrir skv. 65. og 66. grein, er í sumum starfsgreinum og á ákveðnum vinnustöðum þörf nákvæmari rannsókna og skoðana, sem miða að því að hefta og koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma, og fjallar greinin um það á hvern hátt skuli að því staðið að ákveða um slíkar skoðanir og rannsóknir og eru ákvæðin mun nákvæmari en er í núgildandi lögum.

Um 68. gr.

Til læknis þess, sem gert er ráð fyrir, að Vinnueftirlit ríkisins hafi í þjónustu sinni, eru gerðar sömu kröfur og um landlækni, sbr. lög nr. 57 1978, 3. mgr. 3. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 69. gr.

Greinin er að mestu samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum.

Um 70. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Í samræmi við tilgang laganna um, að vandamál varðandi aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi sé hægt að leysa innan vinnustaðanna sjálfra er hér áréttuð skylda Vinnueftirlits ríkisins að hlutast til um að einstökum starfsmönnum eða hópum starfsmanna sé veitt fræðsla um þau atriði í starfsumhverfi þeirra, sem geta verið hættuleg, þegar skilyrði teljast varasöm heilsu þeirra eða öryggi. Jafnframt er vísað í 14. grein um skyldu atvinnurekenda í þessu efni og ennfremur í skilgreiningu á verkefni Vinnueftirlits ríkisins um almenna fræðslu í 78. gr.

Um 72 gr.

Auk heilsuverndarstarfsemi, læknisskoðana og annarra rannsókna, sem gerðar eru með tilliti til heilbrigði starfsmanna, þarf í sumum greinum matvælaframleiðslu að gera aðrar kröfur um rannsóknir, sem fyrst og fremst miðast við að vernda gæði framleiðslunnar. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins taki tillit til slíkra sérþarfa.

XII. KAFLI

Vinnueftirlit ríkisins.

Kaflinn fjallar um Vinnueftirlit ríkisins. Vísað er til þess, sem segir um stofnunina í inngangi athugasemda og í X. lið almennra athugasemda.

Um 73. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir sérstakri stofnun, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins, er fari með eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og að hún sé sjálfstæð og hafi aðsetur í Reykjavík.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál og skal hann skipta stofnuninni í deildir og setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi.

Í 6. mgr. þessarar greinar er ráðherra gert skylt að setja reglugerð, er hafi inni að halda nánari ákvæði um framkvæmd á lögnum, ef lögfest verða.

Um 74. gr.

Greinin fjallar um skipun stjórnar stofnunarinnar, sem skal vera til fjögurra ára.

Um 75. gr.

Greinin fjallar um stefnumörkun og starfssvið stofnunarinnar og tengsl hennar við félagsmálaráðuneytið.

Um 76. gr.

Greinin fjallar um stöðu, starfssvið og skyldur forstjóra stofnunarinnar.

Um 77. gr.

Eðlilegt þykir, að rekstrarkostnaður Vinnueftirlits ríkisins sé borinn uppi af þeim aðilum, sem njóta þjónustu stofnunarinnar. Er þetta í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

Öryggiseftirlit ríkisins annast í dag að mestu það eftirlit og aðra þjónustu, sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að veita, samkvæmt frumvarpi þessu. Gjaldskrár-fyrirkomulag það, sem rekstur Öryggiseftirlits ríkisins hefir byggst á hingað til,

er að dómi núverandi öryggismálastjóra tímafrekt, óhentugt, þungt í vöfum og kostnaðarsamt.

Nefndin hefir því leitast við að finna leið, til þess að fjármagna starfsemi Vinnueftirlits ríkisins með nýjum hætti og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé, þar sem hér er um að ræða aðgerðir til þess að koma í veg fyrir slys, eitranir, sjúkdóma og kvilla á vinnustöðum, að megintekjustofn Vinnueftirlits ríkisins verði iðgjöld, sem reiknist á sama hátt og iðgjöld til slysaftrygginga, sbr. lög um almannatryggingar. Um leið og kveðið er á um að atvinnureksturinn standi undir kostnaði af starfsemi Vinnueftirlits ríkisins, leggur nefndin áherslu á, að eftirlit verði haft með því, að sá ávinningur, sem ætlast er til að leiði af framkvæmd laganna og komi fram í fækkun meiðsla og slysa og minni tíðni sjúkdóma, leiði til samsvarandi lækkunar á þeim slysaftryggingagjöldum, sem atvinnurekstrinum er gert að greiða á hverjum tíma.

Um 78. gr.

Í greininni eru verkefni Vinnueftirlits ríkisins skilgreind í átta liðum og er þar m. a. að finna ákvæði um aukna fræðslu og upplýsingamiðlun varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim.

Um 79. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 81. gr.

Í þessari grein er leitast við að tryggja, að Vinnueftirliti ríkisins berist sem flestar og fyllstar upplýsingar um meiðsli, slys og eitranir á vinnustöðum og önnur þau tilvik, sem máli kunna að skipta, og skyldur lagðar á stofnunina að framkvæma rannsókn á orsökum þeirra, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir þau.

Um 82. gr.

Greinin fjallar um samskipti starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins og atvinnurekenda og er efnislega að mestu samhljóða 37. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Um 83. gr.

Sama skýring og við 82. gr.

Um 84. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef atvinnurekandi lætur hjá líða að framkvæma þær umbætur, sem Vinnueftirlit ríkisins hefir krafist að gerðar verði.

Í gildandi lögum nr. 23/1952 eru viðurlögin við slíkri vanrækslu þau, að öryggismálastjóri getur látið framkvæma lagfæringu á kostnað viðkomandi fyrirtækis, en það fyrirkomulag hefir, að mati öryggismálastjóra, reynst algerlega óframkvæmanlegt.

Í grein þessari er því það nýmæli, að stofnunin getur, þegar frestur er liðinn, látið stöðva vinnu eða loka starfsemi.

Um 85. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 2. mgr. 38. gr. og 39. gr. laga nr. 23/1952.

Um 86. gr.

Grein þessi fjallar um það, hvernig við skuli brugðist, ef ljóst verður, að skyndilega hefur komið upp bráð hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað.

Í grein þessari er það nýmæli, að atvinnurekanda og starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, er skylt, þegar svo stendur á, sem að ofan greinir, að hlutast til um, að starfsemi verði stöðvuð strax og/eða að starfsmenn hverfi frá þeim stað, þar sem hættuástand ríkir. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar tekið fram, að ekki sé hægt að gera þá aðila, sem taldir eru í 1. mgr. þessarar greinar, ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtæki kann að verða fyrir vegna fyrrgreindra aðgerða.

Um 87. gr.

Í þessari grein er fjallað um, að ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging verðmæta eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, þá geti Vinnueftirlit beitt dagsektum í stað lokunar. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar kveðið á um það, hvernig fara skuli með um áfrýjun sektarúrskurða.

Um 88. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að í hverju fyrirtæki skuli vera eftirlitsbók eða annað tilsvarendi skráningarform, þar sem skráð skulu samskipti Vinnueftirlits ríkisins og fyrirtækja og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framangreind atriði.

Um 89. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIII. KAFLI

Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

Um 90. gr.

Í greininni eru skilgreind hugtökin starfsemi og fyrirtæki.

Um 91. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli.

Um 93. gr.

Greinin er efnislega að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 94. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 95. gr.

Greinin fjallar um veitingu starfsleyfis, sem sjálfsagt þykir að sé fyrir hendi til tryggingar því, að starfsemi fullnægi ákvæðum þeim, sem eru í frumvarpinu.

Um 96. gr.

1. mgr. þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.
2. mgr. þessarar greinar er að mestu efnislega samhljóða 5. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIV. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

Um 98. gr.
Greinin fjallar um málsskot og þarfnast ekki skýringa.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

Um 99. gr.
Grein þessi fjallar um viðurlög við brotum gegn lögum þessum og hvernig með skuli fara.

XVI. KAFLI
Gildistaka.

Um 100. gr.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Bráðabirgðaákvæði 1:

Nauðsynlegt þykir, að forstjóra Vinnueftirlits ríkisins sé heimilt að veita frest til aðlögunar, svo sem um ræðir í ákvæði þessu.

Bráðabirgðaákvæði 2:

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði 3:

Ákvæði þetta er í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá 19. apríl 1977.

Fylgiskjal I.

**Sérálit Hrafns V. Friðrikssonar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustu-
hætti og öryggi á vinnustöðum, dags. 23. apríl 1979.**

Frumvarp þetta um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur verið samið án þess að niðurstöður könnunar þeirrar á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins var falið að framkvæma, liggi fyrir.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar frá 14. sept. 1977 skal hún hafa hliðsjón af niðurstöðum nefndrar könnunar við undirbúning lagasetningar um það mál, sem hér er um fjallað. Slík könnun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þykir sjálfsagður undanfari lagasetningar um þau mál sem hér um ræðir og fór fram í þessum tilgangi í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á sínum tíma.

Við gerð frumvarps til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á Íslandi verður að telja meiri nauðsyn á slíkri könnun heldur en í nágrannalöndum okkar, sem hafa haft vinnustaðarannsóknir af ýmsu lagi í gangi í mörg ár og þekkja betur til aðstæðna en við Íslendingar, sem erum byrjendur á þessu sviði.

Við skipulag vinnustaðaeftirlits, t. d. í nágrannalöndum okkar, hefur verið tekið tillit til annarra laga og reglna, sem um svipað efni fjalla, allt eftir því fyrirkomulagi sem til staðar hefur verið í þessum löndum hverju sinni.

Þannig er eftirlit með smærri vinnustöðum (undir 10 starfsmenn) í Svíþjóð í höndum eftirlitsmanns viðkomandi sveitarfélags, og heilbrigðisnefndir í Finnlandi fara með eftirlit með smærri vinnustöðum þar í landi. Hins vegar hefur eftirlit af hálfu sveitarfélaga með vinnustöðum verið lagt niður í Danmörku og Noregi. Þó eru í Noregi vinnuverndarnefndir á vegum sveitarfélaga.

Miðað við gildandi ákvæði laga t. d. um heilbrigðiseftirlit í þessum löndum er ofangreint fyrirkomulag eðlilegt.

Það er aftur á móti í hæsta máta óeðlilegt að við gerð frumvarps til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum fyrir Ísland skuli ekkert tillit hafa verið tekið til ákvæða í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, reglugerða settum samkv. þeim lögum eða annarra laga eða reglna, sem heilbrigðisnefndum og/eða Heilbrigðiseftirliti ríkisins ber að sjá um framkvæmd á vinnustöðum af hálfu heilbrigðisnefnda.

Þetta er því athyglisverðara, þegar haft er í huga að auk þess sem heilbrigðisnefndum ber að fylgjast með allri starfsemi innan síns umdæmis, þar með að vinnustaðæftirliti sé framfylgt af þar til skyldum eftirlitsstofnunum, hafa heilbrigðisnefndir beint eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum meira en 70% starfandi manna hér á landi.

Hefur af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda stöðugt verið unnið að eflingu og frekari uppbyggingu eftirlits með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ætti öllum sem til þekkja að vera ljóst, að miðað við þau lög og reglur sem nú eru í gildi á Íslandi og varða aðbúnaðar- og hollustumálefni og þá þróun og uppbyggingu sem átt hefur sér stað hvað þessi mál varðar hér á landi, þá er eðlilegast að yfirumsjón og eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum alls konar verði alfarið í höndum heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra og undir faglegu eftirliti landlæknis.

Slíkt fyrirkomulag myndi að mestu koma í veg fyrir tvíverknað og auk þess sem gera verður ráð fyrir minni rekstrar- og stofnkostnaði.

Þá verður að telja óeðlilegt að hagsmunaaðilum er falin umsjón með opinberu eftirliti og er þá átt við tillögur frumvarpsins um stjórn eftirlitsstofnunar.

Er eðlilegast að Alþingi og ráðherra skipi stjórn eftirlitsstofnunar.

Þá er lagst gegn þeirri megnu miðstýringu með eftirliti á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem í frumvarpinu felst.

Að öðru leyti visast til greinargerðar Heilbrigðiseftirlits ríkisins til nefndarinnar dags. 22. mars 1979, varðandi frumvarpið eins og það lá fyrir þá, en sáralitlar breytingar hafa verið gerðar á því síðan.

Fylgiskjal II.

Helstu lög, reglugerðir, tilkynningar, leiðbeiningar, reglur, starfsreglur o. fl., sem varða lög þessi.

1. L Ö G

Lög nr. 23 1. febrúar 1952 Um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (sbr. l. nr. 57, 21. apríl 1954, l. nr. 52, 20. maí 1955 og l. nr. 39, 29. apríl 1967).

Lög nr. 85 31. desember 1968 Um eiturefni og hættuleg efni (sbr. l. nr. 27, 18. apríl 1973).

Lög nr. 46 13. maí 1977 Um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Lög nr. 55 22. maí 1969 Um brunavarnir og brunamál.

Lög nr. 12 17. mars 1969 Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Lög nr. 57 20. maí 1978 Um heilbrigðisþjónustu.

- Lög nr. 67 1. janúar 1972 Um almannatryggingar (með síðari breytingum).
 Lög nr. 19 21. maí 1964 Skipulagslög (sbr. l. nr. 42 11. mars 1974 og l. nr. 31 12. maí 1978).
 Lög nr. 42 18. maí 1978 Iðnaðarlög.
 Lög nr. 95 20. desember 1962 Um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.
 Lög nr. 54 16. maí 1978 Byggingarlög (öðlast gildi 1. janúar 1979).
 Lög nr. 58 29. apríl 1967 Orkulög.
 Lög nr. 40 23. apríl 1968 Umferðarlög (sbr. l. nr. 55 12. maí 1970, l. nr. 23 3. maí 1972, l. nr. 25 24. apríl 1974, l. nr. 54 25. maí 1976, l. nr. 62 31. maí 1976 l. nr. 16 5. maí 1977, l. nr. 30 11. maí 1977, l. nr. 48 17. maí 1977, l. nr. 64 18. maí 1978, l. nr. 65 16. maí 1978 og l. nr. 66 18. maí 1978).
 Lög nr. 51 12. maí 1970 Um Siglingamálastofnun ríkisins.
 Lög nr. 12 13. apríl 1976 Um kafarastörf.
 Lög nr. 34 21. maí 1964 Um loftferðir (sbr. l. nr. 71 21. maí 1971).
 Lög nr. 62 28. maí 1969 Um fyrirtækjaskrá.
 Lög nr. 53 13. maí 1966 Um vernd barna og ungmenna.
 Lög nr. 80 11. júní 1938 Um stéttarfélög og vinnudeilur.

2. REGLUGERÐIR, AUGLÝSINGAR, REGLUR

- Nr. 10 16. febrúar 1929 Um eftirlit með verksmiðjum og vélum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu (sett skv. lögum nr. 14 7. maí 1928).
 Nr. 91 17. mars 1933 Um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á bensíntunnum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, öðlaðist gildi 1. apríl s. á.
 Nr. 95 30. júní 1941 Um breytingu á reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneyt.
 Nr. 49 12. mars 1947 Um öryggishúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 201 8. október 1952 Um öryggisráðstafanir gegn slyshættum við vinnu í kötlum, kerum og geymum, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 202 8. október 1952 Um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 21 18. febrúar 1953 Starfsreglur fyrir Öryggiseftirlit ríkisins (sbr. breytingu á starfsreglum nr. 17 5. febrúar 1955).
 Nr. 124 5. desember 1955 Starfsreglur fyrir Öryggisráð.
 Nr. 69 16. apríl 1953 Um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 145 20. júlí 1953 Um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 83 4. júní 1954 Um flutning á ammoníumnitratáburði á landi og geymslu hans, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
 Nr. 24 7. mars 1956 Um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu — reglur.
 Nr. 154 6. nóvember 1956 Um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu, gefnar út af iðnaðarráðuneytinu — reglur.
 Nr. 12 25. janúar 1965 Um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, gefin út af iðnaðarmálaráðuneytinu.
 Nr. 121 5. september 1967 Um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum, gefin út af iðnaðarmálaráðuneytinu (sbr. reglugerð nr. 438 28. desember 1978).
 Nr. 203 20. júlí 1972 Um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. september s. á.

Nr. 204 20. júlí 1972 Um öryggisráðstafanir við byggingavinnu, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. september s. á.

Nr. 225 14. maí 1975 Um húsnæði vinnustaða, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. janúar 1976.

Nr. 55 20. mars 1970 Um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Nr. 45 8. febrúar 1972 Heilbrigðisreglugerð.

Nr. 132 13. júlí 1971 Um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. reglugerð nr. 419 9. desember 1976 og reglugerð nr. 106 10. desember 1977).

Nr. 164 15. júní 1972 Um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

Nr. 445 16. maí 1978 Um flokkun eiturefna og hættulegra efna.

Nr. 455 14. október 1975 Um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Nr. 264 31. desember 1971 Um raforkuvirki.

Nr. 269 8. júní 1978 Um brunavarnir og brunamál.

Nr. 302 26. júní 1978 Um vatnshitunarkerfi, önnur en jarðvarmakerfi.

Nr. 51 15. maí 1964 Um gerð og búnað ökutækja o. fl. (sbr. reglugerð nr. 172 24. ágúst 1966, nr. 33 11. mars 1967, nr. 181 30. desember 1967, nr. 322 30. desember 1968 og nr. 102 4. maí 1973).

Nr. 163 26. ágúst 1969 Um gul aðvörunarljós á ökutækjum.

Nr. 40 19. febrúar 1976 Um skráningu ökutækja (sbr. reglugerð nr. 381 28. október 1976 og nr. 10 18. janúar 1978).

Nr. 23 14. febrúar 1967 Auglýsing um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur (Fylgiskjal: Byggingarsamþykkt).

Nr. 7 9. janúar 1976 Um prófun búvéla.

Nr. 129 9. júlí 1971 Um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna (sbr. reglugerð nr. 5 4. janúar 1973).

Nr. 127 16. apríl 1974 Um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Nr. 91 1. mars 1974 Um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra.

Nr. 479 28. desember 1977 Um gerð íláta, merkingu, varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

Nr. 131 9. júlí 1971 Um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa.

Yfirlit yfir plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni, sem flytja má til landsins, selja eða nota, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 132/1971 og skrá yfir framleiðendur og umboðsmenn (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Nr. 455 14. október 1975 Um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni (sbr. reglugerð nr. 349 30. ágúst 1978).

Nr. 273 3. nóvember 1969. Um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

Nr. 5 12. janúar 1968 Um geislavarnir ríkisins.

3. TILKYNNINGAR OG LEIÐBEININGAR ÖRYGGISEFTIRLITS RÍKISINS

26. mars 1946 Um opnar þvotta- og ullarvindur, miðflóttavindur, sem notaðar eru í þvottahúsum eða við iðnað.

9. apríl 1965 Um net, sem notuð eru við höfnina til útskipunar á fisk- og skreiðar-pökkum.

Okt. 1966—des. 1970 Um viðhald og eftirlit lyftiverkpalla.

Öryggisreglur fyrir verkstjóra við losun og lestun skipa.

Leiðbeiningar um klór (Cl₂).

Reglur um uppsetningu, gerð og notkun tækja fyrir fljótandi klór.

Verkpallar og búnaður þeirra. Aðvörun um hættu af völdum kolsýrings (CO).
 15. janúar 1971 Tilkynning um persónuhlífar.
 11. maí 1971 Tilkynning vegna síðhærðra verkamanna.
 10. sept. 1973 Um lýsingu á virkjunarsvæði v/Sigölduvirkjun.
 15. apríl 1975 Tilkynning um notkun hlífðarbúnaðar á vélum.
 Prófun tækjastjóra fyrir farandvinnuvélar.
 1. júní 1976 Um myndun varhugaverðra efna við málmsuðu.
 Leiðbeiningar um meðferð eitrefna og hættulegra efna:
 Nóvember 1976 Um brennisteinssýru (H₂SO₄).
 Nóvember 1976 Um saltsýru (HCl).
 Janúar 1977 Um cýaníð (blásýrusölt).
 Febrúar 1977 Um saltþéturssýru (HNO₃).

4. ANNAÐ

1. GJALDSKRÁ fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins (Stj.tíð. B, nr. 42/1979).
2. Tillaga Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 112/1959 um heilsugæslu á vinnu-
stöðum (Skýrsla félagsmálaráðuneytisins, Rvk. 1960).

Fylgiskjal III.

- Lög, reglugerðir o. fl., sem varða aðra eftirlitsaðila en Vinnueftirlit ríkisins (eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla o. fl).**
- Lög nr. 12 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
 Lög nr. 24 1936 um eftirlit með matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
 Reglugerð nr. 17 1939 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.
 Reglugerð nr. 250 1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
 Reglugerð nr. 101 1977 um breytingu á reglugerð nr. 250 1976.
 Reglugerð nr. 162 1977 um breytingu á reglugerð nr. 101 1977.
 Reglugerð nr. 269 1973 um mjólk og mjólkurvörur.
 Reglugerð nr. 540 1975 um breytingu á reglugerð nr. 269 1973.
 Bráðabirgðareglur nr. 57 1941 um framleiðslu og sölu á rjómaís, með eða án bragðbætandi efna.
 Lög nr. 53 1963 um veitingasölu, gististaðahald og fleira.
 Reglugerð nr. 129 1964 um gisti- og veitingastaði.
 Lög nr. 30 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.
 Reglugerð nr. 168 1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.
 Reglugerð nr. 205 1967 um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða.
 Lög nr. 31 1970 um dýralækna.
 Lög nr. 43 1974 um breytingu á lögum nr. 31 1970.
 Reglur nr. 286 1973 um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum.
 Reglugerð nr. 442 1977 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.
 Lög nr. 95 1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum.
 Reglugerð nr. 5 1968 um geislavarnir ríkisins.
 Lög nr. 108 1974 um framleiðslueftirlit sjávarafurða.
 Reglugerð nr. 55 1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.